

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Skútustaðahreppur Kollóttalda á Hólasandi



Dags eftirlits	24.8.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Skútustaðahreppur	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili		Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6002691009	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Atli Steinn Sveinbjörnsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt nýtt frávik kom fram í eftirlitinu, en það varðar losun úrgangs sem ekki má urða á staðnum. Auk þess voru sjö ábendingar gerðar: A) Sækja þarf um handhafabreytingu. B) Rekstraraðili þarf að setja sér umhverfismarkmið. C) Samþykkja og birta þarf gjaldskrá fyrir urðunarstaðinn. D) Fjarlægja þarf eldri úrgang sem er á svæðinu. E) Girða þarf svæðið af. F) Tilgreina skal starfsmann sem er ábyrgur fyrir vinnu á svæðinu. G) Ýmis gögn skulu ávallt vera tiltæk á svæðinu.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var í vettvangsheimsókn vegna eftirlits á urðunarstað Skútustaðahrepps í Kollóttuöldu. Atli Steinn Sveinbjörnsson, skipulagsfulltrúi, var fulltrúi rekstraraðila og Freyr Ævarsson eftirlitsmaður Umhverfisstofnunar. Starfsleyfi urðunarstaðarins í Kollóttuöldu var gefið úr af Umhverfisstofnun 3. nóvember 2021 og gildir það til 3. nóvember 2037.

Starfsleyfið heimilar að tekið sé á móti og urðuð, að hámarki 370 tonn á ári af óvirkum úrgangi.

Urðunarstaðurinn er á svæði sem skilgreint er sem iðnaðarsvæði skv. aðalskipulagi Skútustaðahrepps.

Dagskrá eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir starfsleyfið, m.a. skyldur rekstraraðila og hlutverk og heimildir Umhverfisstofnunar
- Önnur mál
- Skoðunarferð

1) Farið yfir starfsleyfið, m.a. skyldur rekstraraðila og hlutverk og heimildir Umhverfisstofnunar  
Rekstraraðila er bent á að skv. starfsleyfinu er Skútustaðahreppur rekstraraðili og þarf því að sækja um handhafabreytingu ef reka á urðunarstaðinn á kennitölu sameinaðs sveitarfélags Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar.

Samkvæmt starfsleyfinu skal rekstraraðili setja sér umhverfismarkmið, fyrir 1. maí 2022, og starfa skv. þeim. Umhverfismarkmiðin liggja ekki fyrir og er rekstraraðila bent á að setja sér umhverfismarkmið sem fyrst og senda þau til Umhverfisstofnunar.

Gjaldskrá fyrir urðunarstaðinn er ekki til en vinna við hana er hafin. Lögð er áhersla á að innheimta skal gjald vegna urðunar úrgangs, svo mikilvægt er að gjaldskrá verði tilbúin, samþykkt og birt í Stjórnartíðindum, áður en urðun hefst á staðnum.

Minnt er á að mæla skal stöðu grunnvatns og samsetningu þess, annað hvert ár, fyrst fyrir 1. október 2023. Vegna aðstæðna á urðunarstaðnum er rekstraraðili hvattur til að hefja undirbúning við gerð sýnatökuaðstöðu sem fyrst.

- Önnur mál

Rætt var um mögulegar breytingar á starfsleyfi, s.s. að óskað verði eftir heimild til að urða almennan úrgang eða að urða úrgang frá sameinuðu sveitarfélagi Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar. Rekstraraðila er bent á að kynna sér möguleika á að urða almennan úrgang og hvaða kröfur verði þá gerðar.

Minnt var á skiladaga skv. starfsleyfinu, en skila þarf ársyfirliti skráninga, upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti og losun mengandi efna frá starfsstöðinni, fyrir 1. maí ár hvert.

- Skoðunarferð

Farið var á urðunarstaðinn og staðfest að engar framkvæmdir hafa verið á svæðinu.

Einn farmur hefur verið losaður nýlega og sást m.a. malbik í honum. Malbik telst ekki vera óvirkur úrgangur, sbr. tl. 2.1.1 í II. viðauka reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Rekstraraðila er bent á að ganga úr skugga um að leyfilegt sé að urða eldri úrgang sem er á svæðinu, og sjá til þess að það verði gert eða hann að öðrum kosti fjarlægður.

Rekstraraðila er bent á að hindra óviðkomandi umferð, en svæðið skal vera afgirt sbr. tl. 7 í I. viðauka við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

Enginn starfsmaður er á urðunarstaðnum og er rekstraraðila því bent á að vinna á athafnasvæði skal vera á ábyrgð

tilgreinds starfsmanns. Viðkomandi starfsmaður skal kunna skil á ákvæðum starfsleyfisins og þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda.

Samkvæmt gr. 2.3. í starfsleyfi, skulu ýmis gögn sem varða starfsemina, ávallt vera tiltæk á vinnustað.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
ákvæði í gr. 1.2 í starfsleyfi	Á urðunarstaðnum má einungis taka á móti og urða óvirkan úrgang. Óheimilt er að geyma úrgang, nema ómengaðan jarðveg sem nýttur er til frágangs, á urðunarstaðnum. Við eftirlit var malbik á urðunarstaðnum, en það telst ekki óvirkur úrgangur.



## ÁBENDINGAR


Ábendingar:

- 1) Sækja þarf um handhafabreytingu ef reka á urðunarstaðinn á annarri kennitölu en upphaflega var sótt um
- 2) Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið
- 3) Samþykkja og birta þarf gjaldskrá fyrir urðunarstaðinn
- 4) Urða skal þann úrgang sem er á svæðinu (sé það heimilt)
- 5) Svæðið skal vera afgirt
- 6) Vinna skal vera á ábyrgð tilgreinds starfsmanna sem hafi þá kunnáttu sem tilgreind er í starfsleyfi
- 7) Ýmis gögn skulu ávallt vera tiltæk á vinnustað

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 06.09.2022

  
Freyr Ávarsson

